

Hegðunarvandi

Athuganir hafa sýnt að áhrifaríkasta meðhöndlun hegðunarvanda hjá börnum sé notkun atferlismótandi aðferða **heima og í skóla**.

- Atferlismótandi aðferðir gera ráð fyrir að óæskileg hegðun barns komi gjarnan fram vegna þess að það kann ekki æskilegar leiðir **sem virka jafn vel eða betur** en þær óæskilegu. Til dæmis er algengt að börn sem ekki kunni áhrifaríkar leiðir til þess að eignast vini eða að halda vinum noti óæskilegar leiðir í samskiptum sínum við önnur börn því þær kalla yfirleitt á viðbrögð annarra, sem æskilegar leiðir þeirra gera ekki eins vel.
- Börn sýna að öllu jöfnu ósjálfrátt þá hegðun sem virkar best. Skiptir því máli að kenna barni æskilegar leiðir til að ná sömu markmiðum og passa síðan að æskilegar leiðir barnsins **virki betur en þær óæskilegu**.

Dæmi: Barn tekur oft reiðikast þegar það á að vera að læra. Getur verið að það sé að nota eina af fáum leiðum **sem virkar** til þess að fá pásu frá lærdómnum? Ef barnið spyr til dæmis: „Má ég fá pásu?“ eða „Má ég núna fara að leika?“ þegar það er að læra þá er mjög líklegt að það fái svar á borð við: „Nei, kláraðu þetta fyrst“. Hins vegar ef barnið tekur reiðikast eða notar ofbeldi fær það gjarnan strax að komast undan því að læra (til dæmis vegna þess að það þarf að róa það eða það er tekið úr aðstæðunum). Óæskilega leiðin virkar því betur til að fá pásu en æskilegu leiðirnar sem barnið kann.

Mögulegt er að grípa inn í vanda sem þennan með því að gæta þess að æskileg leið **virki betur** en óæskilega leiðin til þess að fá pásu. Ef barnið biður ekki um pásu heldur tekur reiðikast er hægt að kenna barninu að gefa kennara merki þegar það þarf pásu. Ef kennari sér að barnið er orðið órólegt og notar ekki merkið getur kennarinn gefið barninu merki og leyft því síðan að taka pásu. Með tímanum lærir barnið að æskilega leiðin er auðveldari leið sem virkar betur en óæskilega leiðin. Sjá einnig *Hagnýt ráð* um verkefnavinnu.

Mikilvægt er að foreldrar taki þátt í að skipuleggja hvernig skuli takast á við hegðunarvanda barns í skóla. Þó verður að hafa í huga að foreldrar geta að öllu jöfnu ekki haft áhrif á hegðun barna í skóla öðruvísi en að vera á staðnum eða með því að hafa í gangi markvisst umbunarkerfi í skóla sem **foreldri gefur umbun fyrir heima**. Þar sem að foreldrar eiga jafnan í erfiðleikum með að vera á staðnum vegna vinnu sinnar eru umbunarkerfi mjög mikilvæg í skólaumhverfi ef árangur á að nást.

- Mikilvægt er að reglur í skóla séu skýrar, helst myndrænar, og að fyrirfram sé búið að ákveða hvernig skuli bregðast við óæskilegri hegðun barnsins.
- Barnið þarf að vita hvernig brugðist verður við óæskilegri og óæskilegri hegðun þess. Gæta þarf að því að fylgja þeirri áætlun vel eftir.
- Ef árangur á að nást með hegðun barns með alvarlegan hegðunarvanda skiptir höfuðmáli að starfsmenn skóla fylgi reglum skólans vel eftir. **Ef reglum er ekki fylgt eftir er ólíklegt að barn með hegðunarröskun eða mótþróaröskun fari eftir þeim.**

- Gott er að gefa barni svigrúm til þess að fara eftir reglum og fyrirmælum. Gagnlegt er að kennari, foreldri og barn ræði hversu margar viðvaranir verði gefnar áður en brugðist er við óæskilegri hegðun þess. Mikilvægt er síðan að gefa ekki fleiri viðvaranir en þær sem samið var um.

Unnið 2011 af Báru Kolbrúnu Gylfadóttur, Drífu J. Helgadóttur og Helgu Auðardóttur, sálfræðingum á PHS.
Heimildir:

Cooper, J. O., Heron, T. E., og Heward, W. L. (2007). *Applied Behavior Analysis*. (2.útg.). New Jersey: Prentice Hall;

Liabø, K., og Richardson, J. (2007). *Conduct disorder and offending behaviour in young people: findings from research*. London: Jessica Kingsley publishers.